

Varðandi starfsaðferðir félagasamtakanna Villikatta -

Álitsgerð dýralæknis gæludýra og dýravelferðar og lögfræðings stjórnarsýslu og lögfræði hjá Matvælastofnun

Bakgrunnur:

Skv. Upplýsingum frá félagasamtökunum Villikettir þá var félagið stofnað fyrir 4 árum (2013/2014). Markmið félagsins er að vinna gegn fjölgun villikatta og að þeir séu ekki aflífaðir að ástæðulausu heldur fái að lifa áfram á svæðinu eins lengi og heilsa þeirra leyfir. Til að ná fram markmiði sínu hafa samtökin fangað ketti á um 100 svæðum víðs vegar um land. Ef kettirnir eru ómerktir (án ólar, eyrnarmerkis eða örmerkis) hafa þeir verið teknir til dýralæknis til geldingar og ormahreinsunar. Til auðkenningar hefur verið klippt umþb 5 mm ofan af öðru eyra þeirra sem er gert að fyrirmynd frá nokkrum öðrum löndum til að geta þekkt hverja er búið að gera aðgerð á. Engar frekari merkingar hafa verið gerðar á köttunum. Fressum er sleppt út eftir 1 sólarhring, læðum eftir 5 sólarhringa. Að auki setja samtökin upp skjólbúr og matargjafir á sínum svæðum. Einnig ef grunur leikur á um veikt dýr er reynt að fanga og færa til meðhöndlunar. Kettlinga sem þeir þeir hafa fangað hafa þeir reynt að miðla á ný heimili eftir geldingu (og örmerkingu?) Félagið hefur verið í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, en óska eftir samningi við fleiri sveitarfélög. Félagið hefur ekki haldið utanum fjölda katta sem þeir hafa sinnt fyrr en á síðasta ári. Félagið staðfestir þó að fjöldi kettlinga á svæðum sem þeir vinna á hefur fækkað til muna. Árið 2016 voru 55 kettir geldir á svæðinu í Hafnafirði en engir kettlingar fundust. Fyrsta árið sem samtökin störfuðu tóku þau um 100 kettlinga og miðluðu áfram á heimili

Lagarammi og túlkun:

Hér undir eru helstu lagagreinar er varða starfseminu settar fram og túlkun á þeim. Þar er m.a. til viðbótar við laga/reglugerðartextann stuðst við úrskurð ráðuneytis (ANR) og þá greinargerð sem fylgdi frumvarpi laga um velferð dýra.

Í lögum nr 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr 80/2016 um velferð gæludýra kemur fram:

■ 16. gr. Aðgerðir og meðhöndlun.

- Skurðaðgerðir, þar á meðal fjarlægging líkamshluta eða fegrunaraðgerðir, skulu ekki framkvæmdar nema af læknisfræðilegum ástæðum. Þó er heimilt að fjarlægja horn, spora af dagsgömlum hönum og gelda dýr. Merkingar á dýrum eru einnig heimilrar í samræmi við lög og reglugerðir sem um þær gilda.

16 gr. túlkun og álit:

Skurðaðgerð er í lögnum skilgreint sem “aðgerð sem felur í sér rof á húð eða slímhúð, þó ekki með nálum” þannig að ljóst er að sú aðgerð að klippa 5 mm ofan af eyra flokkast undir skurðaðgerð.

Í greinargerð sem fylgdi lagafrumvarpinu er sérstaklega tekið fram að skurðaðgerðir skulu aðeins framkvæmdar af læknisfræðilegum ástæðum og er þá sérstaklega nefnt sem dæmi

að fjarlægja part af skotti eða skera í eyru. Rétt er talið að hlífa dýrum við mögulegum óþægindum og sársauka vegna aðgerða sem þau hafi ekki þörf fyrir. Úr greinargerð: **“Samkvæmt 2. mgr. er meginreglan sú að skurðaðgerðir á dýrum skuli aðeins framkvæmdar af læknisfræðilegum ástæðum. Ekki er talið réttlætanlegt að leyfa fegrunaraðgerðir á dýrum eða fjarlægingu líkamshluta í þeim tilgangi einum að breyta útliti dýranna, svo sem með fjarlægingu á skotti eða skurði af eyrum á hundum, enda hafi dýrin ekki þörf fyrir þessar aðgerðir.”**

Þó kemur fram í lagagrein 16 eins og um getur ofar að „Merkingar á dýrum eru einnig heimilar í samræmi við lög og reglugerðir sem um þær gilda.“ Varðandi lagaramma sem á við um merkingar á dýrum þá er í lögum nr 38/2013 um búfjárhald vísað í reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár, þar sem getið er um merkingar skyldur búfjäreiganda og fer eftir búfjártegundum hvort heimilt eða skylt sé að nota númeramerki í eyru, eyrnamarka, frostmerkja eða örmerkja. Bæði í lögnum og í reglugerðunum er tekið fram að þær gildi búfé. Búfé er svo nánar skilgreint sem „**Hross, nautgripir, svín, sauðfé, geitfé og alifuglar.**“ og geta því þessi lög/reglugerðir því ekki talist gilda ketti.

Í úrskurði ANR kom skýrt fram að **reglugerð um gæludýr skildi einnig ná yfir svokallaða villiketti**, eða eins og ómerktir kettir eru nefndir í lögnum „hálfvillt dýr“ (Skilgreining laganna: „*Hálfvillt dýr*: Dýr sem ekki eru merkt í samræmi við 22. gr. og ganga laus.“). Skv. Reglugerð nr 80/2016 um velferð gæludýra er skylt að ömerkja (skv alþjóðlegum iso staðli) **alla hunda, ketti og kanínur.**

Niðurstaða: Útfrá ofangreindu hlýtur að teljast að það að klippa ofan af eyra kattar er ekki í samræmi við gildandi lagaramma um merkingar katta, heldur skulu þeir örmerktir. Myndi skv. því sam fram kemur í lögnum og greinargerðinni því flokkast undir skurðaðgerð sem ekki er gerð af læknisfræðilegum ástæðum og væri því í andstöðu við ákvæði laganna.

■ 22. gr. Merkingar og skráningarskylda.

Skylt er að einstaklingsmerkja kanínur, ketti, hunda, geitur, hross, nautgripi, sauðfé og svín.

Matvælastofnun ber ábyrgð á að starfræktir séu gagnagrunnar um skráningu einstaklingsmerkja skv. 1. mgr. Stofnuninni er heimilt að fela öðrum starfrækslu gagnagrunns með samningi.

Við merkingu á dýrum skal nota aðferðir er valda sem minnstum sársauka og takmarka ekki eðlilegt atferli dýranna eða valda þeim óþarfa álagi.

Rgl um velferð gæludýra

11. gr.

Merking og skráning. Umráðamanni hunda, katta og kanína er skylt að auðkenna öll dýr innan 12 vikna aldurs með einstaklingsörmerki skv. alþjóðlegum ISO-staðli. Samtímis skal örmerkjanúmerið skráð í miðlægan gagnagrunn sem er samþykktur eða rekinn af Matvælastofnun. Umráðamanni ber að tryggja að upplýsingarnar séu réttar á hverjum tíma. Umráðamaður ber allan kostnað af merkingu og skráningu dýra sinna.

22 gr. túlkun og álit:

Skv. lögum um velferð dýra skal einstaklingsmerkja alla ketti og skrá. Engin undanþáguheimild er gefin á því ákvæði. Klipping ofan af eyra getur ekki flokkast sem

einstaklingsmerking og engin skráning hefur heldur farið fram á þeim köttum sem um ræðir.

Einnig **skv. úrskurði ráðuneytis** þá falla **allir kettir** undir reglugerð um velferð gæludýra, **p.m.t. hálfvilltir kettir þ.e. þeir kettir sem ganga lausir og eru ómerkir**. Í reglugerð um velferð gæludýra er skýrt tekið fram að alla ketti skal örmerkja og skrá í miðlægan gagnagrunn sem er samþykktur eða rekin af Matvælastofnun. Einn slíkur grunnur hefur hlotið samþykki Matvælastofnunnar og er það Dýraauðkenni (www.dyraaudkenni.is). Skv. þessu verður að örmerkja og skrá umrædda ketti á umráðamann, sem er tilbúin til að taka ábyrgð á að kettirnir líði ekki vanfóðrun, hafi ásættanlegt skjól og verði komið til hjálpar ef þörf krefur. Félagasamtökin Villikettir upplýsa að þeir sinni nú þegar matargjöfum, tryggi skjól og hafi með köttunum eftirlit og komi þeim til hjálpar ef þeir veikjast eða slasast. Það ætti því ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að kettirnir verði örmerktir og skráðir á annað hvort félagasamtökin Villiketti eða viðkomandi sveitarfélag, eftir því hvernig samningum þeim á milli er háttað. Það hlýtur hinsvegar að teljast andstætt ákvæðum laganna og tilgangi þeirra að kettirnir séu settir órmerktir út og óskráðir og þá þannig án þess að ákveðinn umráðamaður taki ábyrgð á velferð þeirra. Að merking og skráning feli í sér kostnað eins og félagasamtökin hafa borið fyrir sig, réttlætir ekki að lögum sé ekki fylgt. Einnig kom í ljós þegar leitað var eftir að samtökin höfðu heldur ekki leitað samninga við dýralækna/Dýraauðkenni varðandi mögulegan afslátt á kostnaði við merkingu og skráningu eins og samtökin hafa gert við dýralækna varðandi geldingaraðgerðir. Fyrr en það hefur verið fullreynt eru rök um kostnað heldur veik.

Niðurstaða: Af ofangreindu er ljóst að alla ketti skal skv. lögum og reglugerðum örmerkja og skrá umráðamann þeirra í miðlægan gagnagrunn, enda er það tilgangur laganna að þannig tryggja öllum gæludýrum lágmarks velferð á ábyrgð umráðamanns.

■ 23. gr. *Slepping dýra út í náttúruna.*

Óheimilt er að sleppa dýrum sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar. Þó er heimilt að sleppa seiðum og fiskum. **Umráðamanni eða sveitarfélagi, sé umráðamaður ekki þekktur, er skylt að smala eða handsama dýr, önnur en villt dýr, sem ætla má að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi úti í náttúrunni.**

■ 24. gr. *Handsömun dýra.*

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sveitarfélagi er heimilt að innheimta áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða. **Sveitarfélag telst umráðamaður dýra á meðan þau eru í vörslu þess.**

Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. með sérstökum samningi.

23 og 24 gr. túlkun og álit:

Af 23. grein laganna er ljóst skyldur til að handsama dýr, sem ætla má að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi ef umráðamaður er ekki þekktur, er á ábyrgð sveitarfélagsins. Eftir föngun er sveitarfélagi skylt að halda dýrið við viðunandi aðstæður í minnst 2 sólarhringa, áður en því er ráðstafað til nýs eiganda eða aflífað*. Skv. upplýsingum frá félagasamtökum Villikatta er ekki samningur við sveitarfélög nema í einu tilfalli (Hafnarfjarðarbæ). Ekki hefur heldur komið fram að samtökin haldi þá kettir sem eru fangaðir og eru ómerktir að minnsta kosti í 2 sólarhringa áður en á þeim eru gerðar aðgerðir, né að reynt sé að hafa upp á mögulegum eiganda.

Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma skyldur sínar með sérstökum samningi en það augljóslega hlyti þá einnig að fela í sér að þær skyldur sveitarfélagsins sem hvíla á þeim skv. Lögum. Að öðrum kosti þarf sveitarfélagið sjálft að uppfylla þær skyldur sem út af standa. Annað hvort sveitarfélag eða samningsaðili þarf þá að tryggja að ómerktir kettir séu vistaðir í tvo sólarhringa og þá væntanlega ekki gerðar á þeim neinar aðgerðir fyrr en sá tími er liðinn, sem mögulegur eigandi hefur til að leita kattarins og gefa sig fram. Nú skal ítrekað að afrit af samningi við Hfjbæ hefur ekki borist Matvælastofnun og því ekki með öllu ljóst hvað í honum felst.

Á þeim svæðum þar sem félagasamtökin starfa, en hafa ekki gert samning við viðkomandi sveitarfélag, er ljóst að samtökin Villikettir hafa ekki til þess heimildir lögum samkvæmt að handsama ketti og gera á þeim aðgerðir og sleppa aftur skv. beinni túlkun á lögnum.

Niðurstaða: Til að starfsemi félagasamtakanna Villikatta standist lög um velferð dýra ber félagasamtökunum Villikettir að gera samning við þau sveitarfélög þar sem þau óska eftir að starfa. Í samningi kæmi fram hvort samtökin þá yfirtaki hluta af, eða allar skyldur sveitarfélagsins gagnvart hálfvilltum köttum á umsömdum svæðum. Ef samtökin taka ekki yfir allar skyldur sveitarfélaganna ber sveitarfélögunum áfram að tryggja að þær skyldur sem löggin tilgreina verði uppfylltar.

** Æskilegt og eðlilegt væri að sveitarfélög strax eftir föngun veiti á vefsíðu sinni upplýsingar og mynd af fönguð dýrum ef dýrið ekki er merkt eða ekki hefur tekist að hafa upp á eiganda þó slíkt sé ekki tekið fram í lögnum.*

Viðbótarathugasemdir:

Þar sem ljóst er eftir úrskurð ráðuneytis (ANR) að allir kettir skulu falla undir reglugerð um velferð gæludýra, felur það í sér að þeir kettir sem Villikettir fanga, þarf að örmerkja og skrá á umráðamann áður en þeim er sleppt aftur. Umráðamaður er svo ábyrgur fyrir því að tryggja að kettirnir líði ekki vegna vanfóðrunar, skjólleysis, slysa eða sjúkdóma svo eitthvað sé nefnt. Það væri hinsvegar samkomulag milli sveitarfélags eða Villikatta hver yrði skráður sem umráðamaður.

Ef kettir á vegum Villikatta yrðu örmerktir myndi það að auki auðvelda samtökunum til muna allt utanumhald og skráningar á atriðum er varðaði heilsu og velferð kattanna. Ef notaðar væru að auki kattalúgur sem lesa örmerki á föngunarbúrið (til eru slíkar lúgur sem lesa örmerki fyrir allt að 32 númer samtímis) þá er hægt að stilla það þannig að þeir kettir sem ekki ætti að fanga færu út um lúgu og þannig gæti slíkt fyrirkomulag líka lágmarkað að ekki yrðu fangaðir kettir að óþörfu.

Samtökin hafa einnig haldið því fram að ef dýrið er eingöngu örmerkt en ekki eyrnarklippt líka, þurfi að flytja dýrið til dýralæknis til að skanna því ekki sé hægt að skanna villiketti í búrum. Það er því rétt að benda á að til eru margar tegundir af föngunarbúrum sem

einmitt gera ráð fyrir því að hægt sé að þetta að dýrinu í búrinu með því að draga innri vegg í búrinu að dýrinu. Þá er auðvelt að lesa af dýrunum örmerki án þess að dýrið sé snert eða tekið úr búrinu (margra ára reynsla frá Noregi m.a.)

Ekki er séð að það gagnist samtökunum sérstaklega að einnig klippa ofan af eyra (sem heldur ekki er að mati undirritaðra í samræmi við lögin) að það réttlæti þær aðgerðir, enda eru miklar líkur á að inn á svæðin slæðist alltaf einhverjir heimiliskettir, sem augljóslega ekki eru eyrnarmerktir með þeim hætti. Þó það sé sannarlega skylda fólks að ömerkja ketti sína þá gæti þá sú staða komið upp þar sem ómerktir kettir sem einhver sannarlega á, gætu verið fangaðir og þá allt í einu skilað sér heim með klippt ofan af eyra og geltir. Einnig eru nokkur dæmi um að köttur skaði eyra sem ýmist þá hafi áhrif á eða breyti „merki samtakanna“ eða líti út eins og „merki samtakanna“ en er það ekki (sjá mynd í viðhengi I). Það er ljóst að samtökin Villikettir þyrftu því hvort sem er ávallt að hafa ítarlegri skrá yfir ketti á þeirra vegum til viðbótar, ef nota ætti eyrnarmark sem viðmið hvort setja ætti út föngunarbúr eða ekki. Lúga með örmerkjalesara myndi gagnast mun betur og tryggja að svo fáir kettir sem mögulega yrðu fangaðir að óþarfa. Örmerking myndi að auki bæta utanumhald og skráningar hjá samtökunum til muna.

Þegar samtökin hafa verið að vísa í að þessar aðferðir séu notaðar og gagnist í öðrum löndum þá er rétt að benda á að í þeim löndum sem nefnd hafa verið er ekki skylda að ömerkja ketti, né að skrá umráðamann í gagnagrunna. Því er ljóst að þar eru allt aðrar aðstæður og aðferðin vafalaust það besta sem hægt er að gera í þeirri stöðu sem þau lönd eru í. Íslensk lög og reglur setja markið mikið hærra og vilja óumdeilanlega tryggja öllum dýrum lágmarks velferð og það sé á ábyrgð umráðamanns, eða sveitarfélaga í tilfelli þeirra dýra sem flokkast undir villt dýr.

Að auki getur verið óheppilegt hér á landi, þegar bann hefur verið sett við að skera í eyru á gæludýrum í ekki-læknisfræðilegum tilgangi, að opna fyrir undanþágu á því lagaákvæði. Má bara ein félagasamtök nota slíkar aðferðir eða allir, og þá hvaða reglum ætti það að lúta? Mættu bændur þá „marka“ sína ketti til að þekkja þá frá nágrannaköttum? Má skera í eða af eyrum annarra gæludýra?

Einnig hefur komið fram við kynningu frá samtökunum að þær aðgerðir sem áður tíðkuðust áður en samtökin hófu störf hafi verið að skjóta kettina á færi, eða þeir svæfðir strax og að þeirra starfsaðferðir spari vinnu fyrir meindýraeyða sveitarfélaga. Það er samt ljóst að skv. núgildandi lögum er bannað að skjóta ketti á færi því þá ber að handsama, athuga örmerki og hafa í haldi í minnst 2 daga og auglýsa ef ekkert merki finnst. Einnig er krafa skv. reglugerð nr 80/2016 um velferð gæludýra að einungis dýralæknar aflífi ketti nema ef um neyðarhjálp er að ræða.

Til viðbótar við ofangreint hefur borið á að samtökin taki kettlinga frá mæðrum sínum töluvert yngri en reglugerð gæludýra gerir ráð fyrir (sem er 8v) án þess að fyrir því hafi legið læknisfræðilegar ástæður. Að auki, þó kettlingar mögulega þurfi meðhöndlun að einhverju tagi við mildum veikindum, er mjög æskilegt er að þeir geti minnst verið lögbundinn lágmarkstíma hjá mæðrum sínum. Þannig þyrfti að reyna til hins ítrasta að meðhöndla þá hjá mæðrum, eða einnig fanga mæður og taka með. Í einstökum tilfellum við alvarleg veikindi veitir þó lagaramminn heimild til undanþágu.

Heildarsamantekt:

Félagasamtökin Villikettir vinna mörg góð störf í þágu villikatta og annarra katta á Íslandi. Það ber að lofa. Það er þó ljóst að samtökin þurfa þrátt fyrir það, að tryggja að þeirra sjálfbóðaliðar, þegar þeir vinna í nafni samtakanna, ávallt vinni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem eru gildandi um þau dýr sem þau hafa að markmiði að koma til hjálpar.

Að mati dýralæknis dýravelferðar og gæludýra þarf ekki stórtækar breytingar á starfsemi félagasamtaka Villikatta til að tryggja að þeirra starfsemi sé í samræmi við þann lagaramma sem nú er í gildi og hægt að lista upp í nokkrum punktum.

1. Gera samning við sveitarfélög að samtökin starfi í þeirra umboði við handsömun katta sem ætla má að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi úti í náttúrunni.
2. Við föngun kattanna, tryggja að farið sé að lögum og reglugerðum um handsömun, bæði hvað varðar vitjunartíðni á búrum og kannað með skanna og skoðun hvort kettir séu merktir.
3. Ef kettir eru ómerktir þá skyldu þeir haldnir í viðurkenndi aðstöðu í minnst 2 sólarhringa og helst birt opinberlega á vefsíðum sveitarfélags/samtaka til að ná til mögulegs eiganda.
4. Ef enginn eigandi gefur sig fram skyldu kettirnir færðir til dýralæknis og örmerktir, skráðir á umráðamann, geldir, gefnir ormalyf og jafnvel bólusettingar ef það þætti af dýralækni æskilegt. Þeim væri svo hægt að sleppa út þegar það er talið tryggt heilsu þeirra vegna á svæði þar sem þeim er tryggt að líða ekki vanfóðrun né skjólleysi. Ekki ætti að væri þörf á að klippa ofan af eyra.
5. Samtökin Villikettir halda ýtarlega skrá yfir ketti sem væru á þeirra ábyrgð skv samningi við sveitarfélög, þar sem fram kemur fjöldi, aðgerðir og önnur atriði er varðað gætu heilsu þeirra og velferð.
6. Samtökin skv. samkomulagi við sveitarfélag tryggja mat og skjól eftir þörfum og vakta þau svæði sem samningurinn nær yfir til að koma þeim köttum til hjálpar sem á því þyrftu að halda vegna veikinda eða slysa.

Þóra Jónasdóttir

*Dýralæknir gæludýra og dýravelferðar / Veterinary Officer for Pet Diseases and Animal welfare
Heilbrigði og velferð dýra / Office of Animal Health and Welfare*

Esther Hermannsdóttir

*lögfræðingur / Lawyer
stjórnsýslu og lögfræði / Office of Legal Affairs*

Viðhengi I

Dæmi um að eyrnaskaði geti líkst TNR eyrnamerkingu



a. Köttur merktur eftir Trap-Neuter-Release aðferðinni



b. Köttur sem fannst á suðurlandi en er gæfur, ómerktur og ógeltur



c. Köttur sem hefur skaðast á eyra

